

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hlíðabæ.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Hlíðabær og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. reglugerð nr. 140/2008 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur stofnunarinnar er að starfrækja dagdvöl. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun aldraðra í heimahúsum, hvetja þá til sjálfsbjargar og styrkja þá til að lifa heilbrigðu og farsælu lífi á eigin heimili.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar árið 2010 voru: Samband íslenskra berkla- og brjósthólssjúklinga (SÍBS), kt. 550269-7409, Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands (R-RKÍ), kt. 530269-1839 og Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB), kt. 490486-3999.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sem lagt var fram af Hlíðabæ, kt. 510486-3829, er kr. 930.000. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum sem hún kann að eignast síðar. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar. Engin sérrettindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar né bakvörðum.

6. gr.

Fulltrúaráð.

Fulltrúaráð stofnunarinnar er skipað sex fulltrúum, tveimur frá hverju félagi bakvarða. Bakverðir stofnunarinnar eru: Félag eldri borgara (FEB), kt. 490486-3999, SÍBS, kt. 550269-7409 og ÖBÍ réttindasamtök, kt. 631298-2599. Bakverðir tilnefna í fulltrúaráð til tveggja ára í senn, hver skipar einn á hverju ári, svo ekki gangi allir úr ráðinu á sama tíma, ásamt einum varamanni. Skipa skal fulltrúa í ráðið fyrir lok marsmánaðar.

Fulltrúarráðið kys sér formann til tveggja ára í senn. Hann boðar fundi í samráði við stjórn og lykilstarfsmenn og stýrir þeim. Fundir skulu haldnir eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Boða skal til funda á sannanlegan hátt með tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrár getið í fundarboði. Hver fulltrúi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til fulltrúaráðsins með viku fyrirvara.

Fundir eru lögmætir ef minnst helmingur fulltrúa mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála á fundum ráðsins. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála þá er mál fallið.

Stjórnarmenn eiga sæti á fundum fulltrúaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þó getur fulltrúaráð fundað án þátttöku stjórnar við sérstakar aðstæður. Þá getur formaður fulltrúaráðs boðið lykilstarfsmönnum og/eða skoðunarmönnum reikninga að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk fulltrúaráðs er að hafa eftirlit með því að stjórn og stofnunin starfi að lögum og í samræmi við skipulagsskrá þessa, ásamt því að fylgjast með rekstri, kjósa stjórn og formann stjórnar auk endurskoðanda fulltrúaráðs sé þess óskað.

Stjórn og lykilstarfsmenn skulu veita ráðinu aðgang að skjölum og gögnum varðandi rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Aðalfundur fulltrúaráðs.

Aðalfundur fulltrúaráðs skal halda fyrir 31. maí ár hvert. Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- skýrslu stjórnar um starfsemina,
 - ársreikning áritaðan af endurskoðanda stofnunarinnar fyrir liðið starfsár lagður fram af stjórn til afgreiðslu,
 - kosningu stjórnar og varamanna sbr. 8. gr.,
 - kosningu tveggja skoðunarmanna til tveggja ára í senn.
- Aukafundur skal halda þegar stjórn óskar þess eða þrjú fulltrúar fulltrúaráðs hið fæsta.

8. gr.

Stjórn.

Fulltrúaráð skipar fimm manna stjórn stofnunarinnar ásamt þremur mönnum til vara. Formaður er valinn sérstaklega til eins árs í senn. En tveir aðalmenn og einn varamaður til tveggja ára á víxl, ár hvert. Hvorki stjórnarmenn né varamenn mega jafnframt vera í fulltrúaráðinu. Stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Við val á stjórnarmönnum skal hafa að leiðarljósi tilgang stofnunarinnar og velferð skjólstaðinga.

9. gr.

Starfshættir stjórnar.

Stjórn ber að starfa í samræmi við tilgang stofnunarinnar og vinna að markmiðum hennar. Stjórn stýrir öllum málefnum stofnunarinnar samkvæmt lögum og skipulagsskrá þessari og gætir hagsmuna hennar gagnvart þriðja aðila. Stjórn skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef rétt er til þeirra boðað samkvæmt gildandi starfsreglum stjórnar og meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið. Fundargerðir skulu skráðar og í þær skráð það sem gerist á stjórnarfundum.

10. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

11. gr.

Forstöðumaður.

Stjórn ræður forstöðumann. Forstöðumaður hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum er varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs.

Forstöðumanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar sem þeir kunna að óska um rekstur stofnunarinnar og veita ber samkvæmt lögum.

12. gr.

Úthlutun fjár.

Stjórn stofnunarinnar getur einvörðungu ráðstafað fjármunum í samræmi við tilgang stofnunarinnar og að öðru leyti til þess að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði. Hagnaði af rekstri skal varið til starfsemi stofnunarinnar í samræmi við tilgang hennar og samkvæmt ákvörðun stjórnar. Verði tap af rekstrinum skal það greitt af eignum stofnunarinnar.

13. gr.

Reikningsskil og endurskoðun.

Stjórn skal skipa löggiltan endurskoðanda til eins starfsárs í senn. Skal hann kanna og árita reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir stjórn.

Endurskoðanda má hvorki skipa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar né má hann vera fjárhagslega háður stofnuninni eða bakvörðum. Þá má endurskoðandi ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil var frá stofnun til næstu áramóta. Reikningar áritaðir af endurskoðanda og stjórn skulu sendir til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988.

14. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef meirihluti fulltrúaráðs og stjórn stofnunarinnar samþykkir það á aðalfundi.

15. gr.

Slit.

Heimilt er að leggja stofnunina niður ef meirihluti fulltrúaráðs og stjórn stofnunarinnar tekur ákvörðun um það á fundi sem boðaður hefur verið um það mál.

Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. eða skyldra markmiða eftir ákvörðun meirihluta fulltrúaráðsins og stjórnar stofnunarinnar.

16. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá nr. 653/2010, sbr. breytingu á henni nr. 44/2013.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 12. febrúar 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.